

**2020 nr. 20 16. mars****Lög um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd**

Tóku gildi 19. mars 2020. EES-samningurinn: XIX. viðauki reglugerð 2017/2394. Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að mállefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr. Lögfesting.**

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 frá 12. desember 2017 um samvinnu milli landsyfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2006/2004, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 58 frá 18. júlí 2019, bls. 216–241, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2019, frá 14. júní 2019, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

**■ 2. gr. Gildissvið.**

Lög þessi gilda um samvinnu stjórnvalda á Evrópska

efnahagssvæðinu um neytendavernd og heimildir þar til bærra stjórnvalda til rannsókna og framfylgdar í þágu neytenda.

**■ 3. gr. Stjórnssýsla.**

Ráðherra fer með yfirstjórni samkvæmt lögum þessum.  
 Ráðherra er heimilt að tilnefna eitt eða fleiri lögbær yfirvöld, miðlægt tengiskrifstofu og stofnanir sem bera ábyrgð á beitingu laga þessara. Ráðherra getur með reglugerð veitt viðeigandi aðilum heimild til að gefa út utanaðkomandi viðvaranir samkvæmt lögnum.

**■ 4. gr. Reglugerð.**

Reglugerðir eða tilskipanir Evrópusambandsins, sem teknað verða upp í EES-samninginn og fela í sér breytingar eða viðbætur við viðauka reglugerðar skv. 1. gr., er ráðherra heimilt að innleiða með reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og samvinnu yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd.

**■ 5. gr. Gildistaka.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

...